

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 2005

Nr. 241

322

2. mars 2005

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Sléttuvegur, Reykjavík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. mars 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að hluti svæðis fyrir þjónustustofnanir, vestan Háaleitisbrautar, milli Sléttuvegar og Bústaðavegar, breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 2. mars 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

Nr. 242

3. mars 2005

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi lóðar við 17. júní torg í Sjólandi.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar við 17. júní torg 1-7 í Sjólandi í Garðabæ. Breytingin felst í að aðkoma í bílakjallara er færð frá austurhlið að suðurgafli hússins við 17. júní torg 1-7.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 3. mars 2005.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.